

# Héraðsdómur Vesturlands

## D Ó M U R

24. september 2021

mál nr. S-314/2020

### Lögrelustjórinn á Vesturlandi

(*Jón Haukur Hauksson aðstoðarsaksóknari*)

**gegn**

**X**

(*Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður*)

**I**

Mál þetta er höfðað með ákæru lögrelustjórans á Vesturlandi, útgefinni 19. nóvember 2020, á hendur X..., kt. ..., ..., .... Málið var dómtekið 9. september 2021. Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða fyrir:

„...líkamsárás föstudagskvöldið 25. október 2019, á heimili sínu að .. í ..., með því að hafa veist að þáverandi sambýliskonu sinni A..., kt. ..., ýtt henni, sest ofan á hana þar sem hún lá á gólfinu, togað í hár hennar, slegið hana í andlitið og tekið hana hálstaki, allt með þeim afleiðingum að A... hlaut mar og bólgur á vinstri kinn og við vinstra gagnauga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í ákæruskjali er jafnframt gerð grein fyrir einkaréttarkröfu með svohljóðandi hætti:

„Í málinu hefur A..., kt. ..., krafist þess að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000,- auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og

verðtryggingu nr. 38/2001, frá 25.10.2019 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af kröfu ákærvaldsins, en til vara að hann verði dæmdur til þeirrar vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að krafan verði lækkuð. Þá krefst hann þess að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda að mati dómsins.

## II

Tilkynning barst lögreglu um heimilisofbeldi að ..., rétt fyrir miðnætti 25. október 2019. Lögregla fór og ræddi við brotþola, sem þá var farin út af heimilinu og var staðsett í bifreið við .... Brotþoli reyndist vera A... og kvað hún kærasta sinn, X..., ákærða, hafa ráðist á sig. Hún lýsti því að hún hefði vaknað upp við að ákærði hefði verið að reykja inni, sem hún hefði verið ósátt við. Þau hefðu rifist og hún farið út af heimilinu. Eftir stutta stund hefði hún svo ákveðið að fara aftur og ná í dótið sitt og ætlað að fara til foreldra sinna. Er hún hefði komið aftur heim hafi ákærði neitað henni um að taka dótið sitt og svo ráðist á hana, kýlt hana, bæði með krepptum hnefa og opnum lófa, tekið hana hálstaki og tosað í hárið á henni.

Kvað hún þetta gerast reglulega og hún væri hrædd við ákærða, sérstaklega þegar hann yrði svona reiður. Hún kvaðst finna til í andliti og voru sjáanlegir áverkar á vinstri kinn og mar og bólgur byrjaðar að myndast við vinstra gagnaugað. Var henni boðið að farið yrði með hana í lækni skoðun en hún kvaðst ætla að koma sér sjálf til læknis á næstu dögum. Það gerði hún þó ekki. Áverkar hennar voru myndaðir og myndir vistaðar hjá lögreglu.

Lögregla fór því næst og ræddi við ákærða, sem var að sögn lögreglu rólegur og yfirvegaður. Ákærði lýsti því að þau hefðu rifist, brotþoli hefði farið út af heimilinu en síðar komið aftur og ráðist á hann. Hún hefði slegið hann og traðkað á fótum hans og hann þá hrint henni inn í íbúðina. Hann kvaðst svo hafa slegið hana með opnum lófa

hægri handar á vinstra gagnaugað. Hún hefði síðan tekið einhver föt og dót, farið aftur út og ekið í burtu. Hann sagði þau rífast oft en þó yfirleitt ekki svona heiftarlega.

Samkvæmt skýrslu lögreglu voru ekki sýnilegir áverkar á ákærða en þó smá roði á hnúum hægri handar.

Kemur fram í lögregluskýrslu að engin sjáanleg ummerki um átök hafi verið í anddyri eða stofu íbúðarinnar.

### III

Ákærði lýsti því fyrir dómi að umrætt sinn hefðu þau verið í svefnherberginu og brotapolu verið sofnuð. Hann hafi ætlað að fara fram að horfa á sjónvarpið en brotapolu hafi vaknað og haldið að ákærði hafi ætlað að fara að reykja inni í húsinu. Brotapolu hefði reiðst við það og þau farið að rífast. Brotapolu hafi rokið á dyr en komið aftur inn stuttu seinna og rifrildi þá haldið áfram. Hann kveðst hafa reynt að koma sér úr þessum aðstæðum þar sem hann hafi verið byrjaður að reiðast, en hún hafi ögrað honum. Rifrildi þeirra hafi stigmagnast og átök orðið á milli þeirra með ýtingum fram og til baka. Brotapolu hafi hrint honum og hann hafi hrint henni til baka. Svo hafi hún slegið til hans og hann baðað frá sér höndunum og slegið þannig til baka sem hafi þó ekki verið ásetningur hans. Hún hafi svo rokið út með skilaboðum um að hún myndi aldrei koma til baka en það hefði hún þó alltaf gert eftir stutta stund. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa séð áverka á brotapolu, hvorki þegar hún hafi komið til baka um kvöldið né næstu daga. Aðspurður um framlagðar ljósmyndir af brotapolu og hvort hann hefði skýringar á þeim áverkum, sem hefði verið lýst sem bólgu á kinn, kinnbeini og upp að gagnauga vinstra megin á höfði, kvaðst ákærði ekki geta séð af myndunum að brotapolu hefði verið með áverka. Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið í sambandi við brotapolu í rúm tvö ár. Lýsti ákærði því að rifrildi þeirra hafi oft verið hávær en kannski ekki harkaleg. Fram kom að ákærði hefði leitað sér hjálpar hjá sálfræðingum við reiðistjórnun. Hann kvað upptök átakanna hafa verið hjá brotapolu. Ákærði neitaði því að hafa ýtt brotapolu það harkalega að hún hefði við það fallið á gólfið. Aðspurður um roða, sem lögregla kvaðst hafa séð á hnúum hægri handar hans, kvaðst ákærði ekki muna eftir slíku og kvaðst gruna helst að þegar brotapolu hafi ýtt honum og honum skrikað fótur hafi hann mögulega rekist utan í vegg

eða eitthvað slíkt. Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa tekið brotþola hálstaki. Ákærði staðfesti fyrir dómi skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu.

Brotþoli, A..., gaf skýrslu fyrir dómi og kvaðst hafa verið sofandi inni í svefnherbergi en vaknað við það að ákærði var að fara inn í herbergið við hliðina til að reykja gras. Hún hafi orðið sár og reið, því að þetta hafi verið hlutur sem þau hafi verið búin að ræða að hann gerði ekki. Hún hafi farið út úr húsinu, en komið til baka síðar til að sækja sitt, en þá hafi ákærði ráðist á hana. Þau hafi farið eitthvað að rífast og hún hafi setið á gólfinu, upp við vegg við hliðina á matarborðinu. Ákærði hefði þá komið að henni, dregið hana á hárinu í átt að útidyrhurðinni og sest síðan yfir mitti hennar, tekið hana kverkataki, „kyrkt hana“ og kýlt í andlitið. Aðspurð kvað hún þau hafa verið að rífast áður en hún fór út, hann hefði brotið hana niður andlega en hún líka svarað fyrir sig og sagt ljóta hluti við hann. Aðspurð kvaðst hún telja að hún hafi fengið tvö högg vinstra megin í höfuðið, hann hefði reynt að kyrkja hana á þessum tíma og hún hafi verið orðin meðvitundarlítill og ekki tekið eftir hvar högginn lentu. Hann hefði kýlt hana með krepptum hnefa. Lýsti brotþoli að lögreglan hefði skoðað hana eftir atvikið og tekið myndir. Hún hefði þá verið með roða á hálsi og kinn. Hún lýsti því aðspurð að þau hefðu margoft lent í rifrildi og átökum og þetta umrædda atvik væri ekki það versta.

B... lögreglumaður gaf vitnaskýrslu fyrir dómi. Lýsti hann atvikum umrætt sinn þannig að óskað hefði verið eftir aðstoð lögreglu vegna gruns um heimilisofbeldi. Hefði hann og annar lögreglumaður hitt brotþola á ... í ... og rætt við hana í lögreglubifreiðinni. Þar hefði brotþoli lýst því að hún hefði verið tekin hálstaki, rifið hefði verið í hár hennar og hún fengið hnefahögg í andlit. Hefði hún verið með roða á vinstri vanga og lögreglumenn tekið myndir af áverkum á staðnum. Hefðu þeir farið og rætt við ákærða sem hefði jatað að hafa slegið hana með opnum lófa í andlitið og hann lýst átökum sem hefðu verið á milli þeirra. Aðspurður kvað hann lögreglu ekki hafa séð ummerki um átök í íbúð ákærða en þeir hefðu tekið eftir roða á hnúum hægri handar hans.

D... lögreglumaður gaf vitnaskýrslu fyrir dómi og bar að mestu á sama veg.

E... rannsóknarlögreglukona gaf vitnaskýrslu fyrir dómi. Lýsti hún því að hún hefði tekið skýrslur af ákærða og brotþola vegna málsins. Aðspurð kvað hún annað mál hafa verið til rannsóknar á sama tíma sem varðaði samskipti ákærða og brotþola. Aðspurð kvað

hún ljósmyndir, sem liggja frammi í málinu, ekki tilheyra því máli sem væri nú til umfjöllunar.

#### IV

Ákærða er í ákæru gefið að sök að hafa veist að þáverandi sambýliskonu sinni, ýtt henni, sest ofan á hana, þar sem hún lá á gólfinu, togað í hár hennar, slegið hana í andlitið og tekið hana hálstaki, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut mar og bólgur á vinstri kinn og við vinstra gagnauga.

Að mati dómsins er hafið yfir vafa að átök hafi orðið á milli ákærða og fyrrverandi sambýliskonu hans. Ekki er hægt að slá því föstu miðað við skýrslur málsins að ákærði hafi veist að henni upp úr þurru eða af einhverju offorsi. Hins vegar þykir sýnt að brotaþoli hafi hlotið áverka af völdum ákærða umrætt sinn. Þótt framlagðar ljósmyndir við aðalmeðferð málsins gefi ekki skýra mynd af áverkum þykir mega leggja til grundvallar að brotaþoli hafi borið merki eftir átökin við ákærða, þ.e. þá roða á vinstri kinn og byrjun á bólgu eins og lýst var í frumskýrslu lögreglu og framburði lögreglumanna fyrir dómi sem styðja framburð brotaþola að þessu leyti. Hins vegar greindi brotaþoli frá því að hún hefði ekki borið sýnileg merki eftir átökin þegar hún fór til vinnu daginn eftir og ekki leitað læknis. Verður hins vegar talið sannað að framangreinda áverka hafi brotaþoli hlotið af völdum ákærða. Ekkert liggur fyrir um aðra áverka á brotaþola, hvorki áverkavottorð né önnur sönnunargögn.

Gegn eindreginni neitun ákærða verður ekki talið sannað að hann hafi dregið ákærðu um gólf íbúðarinnar á hárinu eða tekið hana harkalega hálstaki eða kyrkingartaki eins og brotaþoli hefur lýst. Í því sambandi athugast að engin merki voru um átök á brotavettvangi að sögn lögreglu og einnig að í símaskilaboðum, sem brotaþoli sendi ákærða fljótlega í kjölfar átakanna, þ.e. sama kvöld, lýsir hún áverkum sínum þannig að hún sé „öll marin í framan“ „með sprungnar varir“ en sú lýsing styður ekki lýsingu ákæru hvað framangreind atriði varðar frekar en önnur gögn og áverkamerki.

Til að sakfellt verði fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum þarf, miðað við atvik þessa máls, ákærði að hafa endurtekið eða á alvarlegan hátt með ofbeldi ógnað lífi, heilsu eða velferð sambúðaraðila. Dómurinn telur ekki sönnur færðar á það

að skilyrði greinarinnar séu uppfyllt og verður í þeim efnum m.a. höfð hliðsjón af lögskýringargögnum og sjónarmiðum sem birtast í niðurstöðum Landsréttar í málum nr. 340/2019 og 26/2020. Þótt vísbendingar séu uppi um fyrri átök milli ákærða og brotþola verður engu slegið föstu um þau eða eðli þeirra átaka, þannig að hafi einhverja þýðingu við úrlausn þessa máls og geti réttlætt heimfærslu undir ákvæðið. Þá er ósannað að atлага ákærða að brotþola hafi verið alvarleg í skilningi þessa ákvæðis að virtum lögskýringargögnum, heldur verður að mati dómsins að líta svo á að háttsemi hans falli fremur undir 217. gr. laganna.

Ákærði hefur þannig í skýrslum sínum hjá lögreglu játað að hafa ýtt brotþola og slegið hana með flötum lófa í vinstra gagnauga. Fyrir dómi lýsti ákærði að þau hefðu ýtt hvort öðru. Einnig kvaðst hann hafa slegið frá sér og taldi að það högg hefði líklegast lent á öxl, kinn eða brjóstakassa brotþola og vel gæti verið að það hafi lent á andliti hennar.

Vitnin B og D lögreglumenn báru báðir fyrir dómi að þeir hefðu tekið eftir roða á gagnauga brotþola umrætt sinn og að ákærði hefði viðurkennt að hafa slegið brotþola með flötum lófa í andlitið.

Með þessum framburði, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, og öðrum gögnum málsins, verður lagt til grundvallar að ákærði hafi ýtt og slegið brotþola, sem hafi hlotið framangreinda áverka vegna þess. Miðað við áverka sem lögregla lýsti og brotþoli sjálf að hluta, sem og að virtum gögnum málsins heilstætt, er ekki tækt að líta svo á að um óviljaverk hafi verið að ræða eða óhapp. Verður því ákærði sakfelldur fyrir líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga.

## V

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði engin mál á sakaskrá sem gætu haft áhrif á ákvörðun viðurlaga. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu krefst brotþoli, A..., þess að ákærði greiði henni samtals 1.500.000 krónur í miskabætur, auk tilgreindra vaxta. Með broti sínu felldi ákærði á sig skyldu gagnvart brotþola til greiðslu miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja þær bætur með hliðsjón af áverkum brotþola, atvikum máls og dómafordæmum, hæfilega ákveðnar 200.000 krónur, auk vaxta, eins og nánar greinir í dómsorði, en dráttarvextir dæmast frá 21. desember 2020, en þá var mánuður liðinn frá því að krafan var kynnt ákærða með birtingu fyrirkalls, sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Ákærði greiði málsvarnarlaun og ferðakostnað skipaðs verjanda síns bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi, og þóknun og kostnað skipaðs réttargæslumanns brotþola, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði. Þá greiði ákærði annan sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákæruvalds.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari, sem fékk málið til úrlausnar 1. september 2021, kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð**

Ákærði, X..., sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð skv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A... 200.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 25. október 2019 til 21. desember 2020, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 25.000 krónur í útlagðan sakarkostnað.

Ákærði greiði 600.000 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnars Elvarssonar lögmanns, auk 35.000 króna ferðakostnaðar verjanda, og 450.000 króna þóknun réttargæslumanns brotþola, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, auk 35.640 króna vegna ferðakostnaðar lögmannsins.

Lárentsínus Kristjánsson